

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Engidalur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 31. mars 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 frá 1. ágúst 1990 er nær til Engidals.

Í breytingunni felst:

1. Atvinnusvæði (loðdýrabú) breytist í opið svæði til sérstakra nota, athafnasvæði, sorpförgunarsvæði og svæði fyrir snjóflóðavarnargarða.

2. Opið svæði breytist í opið svæði til sérstakra nota, þ.e. útivistarsvæði almennings, hesthúsasvæði og svæði fyrir frístundabúskap.

Fyrir liggur bráðabirgðahættumat Veðurstofu Íslands fyrir skipulagssvæðið, dags. 1. júní 1998 og 29. júlí 1998.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skiplags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 31. mars 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun lampa til heimilisnota.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Rafmagnslampar til heimilisnota sem eru tengdir dreifikerfi rafveitu þar með taldir glóperulampar og smáflúrlampar með innbyggðri straumfestu einnig venjulegir flúrlampar og smáflúrlampar án innbyggðrar straumfestu. Jafnvel þó að lamparnir séu settir á markað til annars en heimilisnotkunar, skal við markaðssetningu og tilboð um sölu eða leigu fylgja þeim upplýsingar um orkunotkun samkvæmt reglugerð þessari.

Eftirtaldir lampar skulu falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar:

- lampar með meira en 6500 lúmena ljóstreymi;
- lampar með minni aflnotkun en 4 vött;
- lampar með endurkastshlífum;
- lampar sem eru fyrst og fremst markaðssettir eða seldir til notkunar með öðrum orkugjöfum, til að mynda rafhlöðum;
- lampar sem eru ekki fyrst og fremst markaðssettir eða seldir til framleiðslu sýnilegs ljóss (öldulengd 400 til 800 nm);
- lampar sem eru markaðssettir eða seldir sem hluti vöru sem er ætlað annað grunnhlutverk en að vera ljósgjafi. Lampi sem er boðinn til sölu, leigu eða kaupleigu eða sýndur einn og sér, t.d. sem varahlutur, fellur þó undir reglugerðina.